

Gítarleikur

Kennslubók 2. þvergrípin og fleira



Garðar Harðar

Formáli:

Þessi bók er ætluð til framhaldskennslu í gítarleik.
Markmið bókarinnar er að nemendur geti
leikið undir eigin söng og annarra,
í erfiðari gripum svo sem þvergripum.

Í megin atriðum er ætlunin með bókinni
að læra að leika þvergripin við ýmis lög
innlend og erlend .

Aðalatriðið er eins og í fyrstu bókinni:
Að fýta sér hægt, og ná að
leika hvert grip vel, áður en farið er í það
næsta.

Þær kennslubækur sem ég hef notað undanfarin
ár, hafa mér þótt fara heldur hratt yfir efnið, og
hefur viljað brenna við að nemendur hafi gefist
upp vegna þessa. Því er ætlun mín með þessum
bókarskrifum að hafa verkefni með hverri
hljómaseríu fleiri, svo fjölbreyttara verði
fyrir nemendur.

Gangi ykkur vel !

Garðar Harðar.

Að stilla gítarinn

Áður en byrjað er að spila,
verður að stilla gítarinn. Það er gert á eftirfarandi hátt:

Strengirnir heita talið frá þeim efsta (dýpsta).

E, A, D, G, H, E





Við stillum djúpa E strenginn (þann efsta) eftir einhverju hljóðfæri og síðan stillum við hina strengina eftir honum, þannig að við stiðjum fingri á 5 band á þessum streng, og látum næsta streng (A) hljóma lausan þar til hann hljómar eins, og þannig áfram koll af kolli, þar til kemur að (H) streng, en hann er sá eini sem stilltur er öðruvísi, það er að þá styðjum við fingri á (G) streng á 4 bandi. Svo er granni (E) strengurinn stilltur eins og hinir fyrri, það er að styðja fingri á (H) streng á fimmta bandi og láta granna (E) strenginn hljóma lausan.

Svo er alltaf hægt að fara í hljóðfæraverslun og kaupa sérstakt gítarstillitæki, sem gengur fyrir rafhlöðum, og er einfalt í notkun.

Gripatafla

Hér eru fjallað um þvergripin sem við notum í þessari bók, en auk þeirra notum við sum gripanna sem við lærðum í fyrstu kennslubókinni.

Við notum grip eins og E, A, Em og Am á þann hátt að við tökum gripin með löngutöng, baugfingri og litla fingri og notum vísifingurinn í stað hnetunnar (þverstykkisins sem kemur undir strengina fremst á hálsinum þar sem stilli skrúfurnar eru) og færum gripin þannig til á hálsinum svo þau myndi mismunandi hljóm. T.d. E tekið á þriðja bandi með þessari aðferð verður G, en Am tekið á sama hátt verður Cm.



Gvendur á eyrinni

E Hm F#m Dsus2

Hann Gvendur á eyrinni var gamall skútukarl

E Dsus2 E Dsus2

og gulan þorskinn dró.

E Hm F#m D

Hann kaus heldur svitabað en kvennafar og svall.

E D E D

Í koti einn hann bjó.

E Hm F#m D

Og aldrei sást Gvendur gamli eyða nokkru fé

E D E D

og aldrei fékk hann frí.

E Hm F#m D

Var daufur að skemta sér og dansspor aldrei sté,

E D E

en dvaldi koti sínu í.

G#m C#m

Hann vann á eyrinni vikuna alla

G H7

og fór í aðgerð ef að vel gaf,

G#m A

á meðan hann dugði til að afferma dalla.

C H7 E D E D

Og dag né nótt hann varla svaf.

Hann hafði í kindakofa átján gamlar ær.

Og af þeim gleði hlaut.

Af alúð og natni hann annaðist um þær.

Já eins og brothætt skraut.

Hann vann á eyrinni vikuna alla

og fór í aðgerð ef að vel gaf,

á meðan hann dugði til að afferma dalla.

Og dag né nótt hann varla svaf.

Hann Gvendur á eyrinni var gæða sál og hrein,

sem göfgi hafði sýnt.

Hann liggur nú örþreittur og lúin hvílir bein.

Og leiðið hans er tint.

Hann vann á eyrinni vikuna alla

Ég veit þú kemur

F Gm C F Cm F
Ég veit þú kemur í kvöld til mín
Bb F F#0
þótt kveðjan væri stutt í gær.
Gm A Dm Dm -5
Ég trúi ekki á orðin þín
G Gm C+
ef annað segja stjörnur tvær.

Þá mun allt verða eins og var
og áður en þú veist, þú veist
og þetta eina sem útaf bar
Gm C7 F
okkar á milli í friði leyst.
Gm Am D
Og seinna þegar tunglið
Gm A7
hefur tölt um langan veg,
Dm Dm-5
Þá tölum við um drauminn
G C7 C+
Sem við elskum þú og ég.

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þótt kveðjan væri stutt í gær.
Ég trúi ekki á orðin þín,
ef annað segja stjörnur tvær.

ROÐLAUST OG BEINLAUST

E7

Ég hef lengi stundað sjóinn

glímt við Ægis mikla og mátt.

Já, marga fjöruna hef ég sopið

en ég ber höfuðið hátt.

A7 E7

A-ha-ha, A-ha-ha,

H7

A7

Það hefur ekki allt verið dans á rósum.

E7

Þið skiljið við hvað er átt.

Ég hef oft verið að hugsa um það
þegar flökin renna í gegn.

Að láta skera þetta allt í Kanann
það bara er mér um megn.

A-ha-ha.

Það eins og þeir vilji frekar hafa okkur á reki
og hætta að fiska,
þetta er mér um megn.

En þeir vilja bara roðlaust og beinlaust roðlaust og beinlaust.

Allt um kring eru skipin
frá fjöru út á fremstu mið
að massa þetta allt á Bretland
allir nema við.

A-ha-ha. Allir nema við.

Ég hringi í þá í landi
en það er engu tauti þá komandi við.

Þeir vilja bara roðlaust og beinlaust.....

Það er eitthvað bogið við þá í landi
ég veit ekki hvað það er
mér finnst eins og það sé verið að níðast á mér
A-ha-ha. Að níðast á mér.

Ég er beygður brotinn búinn
því fer sem fer.

Þeir vilja bara roðlaust og beinlaust.....

Ég vil fá mér kærustu

Dm A Bb F

Ég vil fá mér kærustu sem allra allra fyrst

Gm Dm E A

En ekki verður gott að finna hana

Dm A Bb C F

Því hún skal hafa kinnar eins og hrútaber á kvist

Gm Dm A Dm

Og hvarmaljósinn björt sem demantana

F C Dm A

Og hún skal vera fallegust af öllum innanlands

Dm A Bb F

Og iðin við að spinna og léttan stíga dans

Gm Dm A Dm

Og hún skal kunna að haga sér hið besta

Þær eru flestar góðar meðan unnustinn er nær

En oss þær eru vissar til að blekkja

Þá vil ég fá mér eina þá sem ei við öðrum hlær

Sem elskar mig og bara mig vill þekkja

Og hún skal líka finna bestu hugarró hjá mér

Ef húsi mínu færi hún yrði blíð með sér

Og stóra fulla kistu bestu klæða

Og ef ég svo í eina næ rétt alveg sem ég vil

Þá óðara til brunns skal ég feta

Og sveitafólk mitt veislu fær sem vantar ekkert til

En vín og hrokafylli sína éta

Og það skal vera dans og drykkja daga þrjá í röð

Hin dýra ást oss kjörin yrði í hjörtum oss svo glöð

En til þess verður ofurlítlu að eyða

Ísbjarnarblús

E

Við vélina hefur hún staðið síðan í gær

A9

E7

blóðugur fingur – illa lyktandi tær.

H

A7

E

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Á skrifstofunni arðræninginn situr og hlær

því línuritið sýnir að afköstin eru meiri í dag en í gær.

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Herbergið mitt er upp á verðbúð – þar lifa lýs og flær

þar á ég litasjónvarp og frystikistu sem hlær.

Þúsund þorskar á færibandinu færast nær.

Sigga á borði 22 hætti í gær,

ég er að spegúlera að hætta líka, haha – hæhæ.

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Það er enginn fiskur í dag – þið getið farið heim og slappað af
tekið ykkur sturtu eða farið í bað.

Þúsund þorskar á færibandinu færast nær.

Ég ætla aldrei, aldrei aldrei aftur meira að vinna á Ísbirninum

Nei, ég ætla aldrei, aldrei aftur meira að vinna á Ísbirninum.

Ég ætla með kíló af hassi út í nátturuna

og fíla grasið þar sem það gær.

Í BLÁUM SKUGGA

G Am F G
Í bláum skugga af broshýrum reyr
C A7 F E7
Við eigum pípu, kanski eilítið meir
Am C F D Am (H7-E7-Am)
Við eigum von og allt sem er dæmt og deyr
Dú-ú, dú dú dú. Dú-ú, dú dú dú.

Við áttum kaggann, þúfur og þras
og kanski dreitil í tímans glas.
En hvað er það á við gott lyfjagras?
Dú-ú, dú dú dú. Dú-ú, dú dú dú.

Og þegar vorið kemur á kreik
þá tek ég flugið og fæ mér reyk.
Hann er mín trú og festa í lífsins leik
Dú-ú, dú dú dú. Dú-ú, dú dú dú.

RIDDARI GÖTUNNAR

A Amaj7 Hm
Rennur af stað ungi riddarinn,
E A E7
rykið það þyrlast um slóð.
A Amaj7 Hm
Hondan hans nýja er fákurinn,
E A
hjálmurinn glitrar sem glóð.

Tryllir og tætir upp malbikið,
titrar og skelfur allt hér.
Reykmettað loftið þá vitið þið
er riddari götunnar fer.

F#m A
Ég hef alltaf verið
Bm
veik fyrir svona strák,
C#m
sem geysist um á mótorfák
D E (A - Bm - C#m - E)
og hræðist ekki neitt.

Aftan á hjóli hans situr snót,
sú sem hann elskar í dag.
Sýna þau hvort öðru blíðuhót
og svífa inn í kvöldsólarlag.

Ég hef alltaf...

SPÁÐU Í MIG

C C7
Kvöldin eru kaldlynd úti á nesi,
F C
kafaldsbylur hylur hæð og lægð,
G7 Am
kalinn og með koffortið á bakinu
H7 E (G)
kem ég til þín segjandi með hægð:

C
Spáðu í mig,
F C (Am)
þá mun ég spá í þig
Dm7
Spáðu í mig,
Gsus, G C
þá mun ég spá í þig.
Nóttin hefur augu eins og flugan
og eflaust sérhún mig þar sem ég fer
heimulega á þinn fund að fela
flöskuna og mig í hendur þér. –

Spáðu í mig...

Finnst þér ekki Esjan vera sjúkleg
og Akrafjallið geðbillað að sjá?
Enn ef ég bið þig um að koma með mér
til Ormdúrman þá máttu ekki hvá. –

Spáðu í mig...

Kvöldin eru kaldlynd úti á nesi,
kafaldsbylur hylur hæð og lægð,
kalinn og með koffortið á bakinu
kem ég til þín segjandi með hægð: -

Spáðu í mig...

AFGAN

A C#m F#m
Hlusta á Zeppelin og ég ferðast aftur í tímann
A C#m F#m
Þú spyrð mig hvar er gimsteininn í augum þínum ljúfan
D A E
Svitinn perlar á brjóstm þínum, þú bitur í hnúann
D A E
Þú svífur á brott með syndum þínum svartur afgan

Ég elska þig svo heitt að mig sundlar og verkjar
Í faðmi þínum þú lætur mig finna til sektar
Úti horni situr kisi þinn og malar
Inn á baðherbergi stendur vofan þín og talar

D C#m F#m
Úti hamast regnið við að komast inn til þín
D C#m F#m
Ég skríð undir sængina, heyri hvernig stormurinn hvín
D A E
Drottningin með stríðsfákana sína býður okkur inn til sín
D A E
Hún sýnir okkur sólina, segir okkur að sólin sé sín

-0-

Lyftan var biluð, húsvörðurinn kallaði mig svín
Sagðist hata alla poppara, ég hélt að hann vær'að gera grín
Ég sagði að ég væri að heimsækja stúlku, hún væri unnusta mín
Hann sagð mér er nákvæmlega sama þó að hún sé ekki unnusta mín

Þegar ég bankaði á dyrnar opnaði vofan þín
Hún sagði: þú varst bara draumur, ég hef aðeins séð þig í sýn
Og ég elska þig, ég vil ekki vakna
Svartur Afgan, drauma minna ég sakna.

Traustur Vinur

Forspil: G C Bm Am D

G Am
Enginn veit fyrr en reynir á,
D7 G
hvort vini átt þú þá

Am
Fyrirheit gleymast þá furðufljótt,
D7 G
þegar fellur á niðimm nótt.

Já sagt er að þegar af könnunni ölið er
ljótt þá vinurinn fer
Því segi ég það ef þú átt vin í raun,
fyrir þína hönd guði sé laun

Am
Því stundum verður mönnum á,
G
styrka hönd þeir þurfa þá
Am D7 G Am Hm
Þegar lífið allt í einu sýnist einskins vert
Am G
Gott er að geta tala við einhvern sem að skilur þig
Am D7 G (C – Bm – Am – D)
Traustur vinur getur gert kraftaverk

Mér varð á og þungan dóm ég hlaut
Ég villtist af réttri braut
Því segi ég það ef þú átt vin í raun
fyrir þína hönd
Guði sé laun

Því stundum verður mönnum á,
styrka hönd þeir þurfa þá
Þegar lífið allt í einu sýnist einskins vert
Gott er að geta tala við einhvern sem að skilur þig
Traustur vinur getur gert kraftaverk

Braggablús

G D+ Dm7 G7
Ein í bragga, Magga, gægist út um gluggann,
C G A7 Eb7 D7
bráðum sér hún Skugga-Baldur skunda hjá
G D+ Dm7 G7
enn einn túrinn, stúrinn, olíu á skúrinn
A7 Eb7 D7 G
er eftitt nema fyrir fjandans aura að fá.
C Cm G
Í vetur betur gekk henni að galdra
A7 Eb7 D7
til sína glaða og kalda karla sem oft gáfu aur,
G D+ Dm7 G7
en Magga í sagga, situr ein í bragga,
A7 Eb7 D7 G
á ekki fyrir olíu, er alveg staur.
G

Fyrst kom Bretinn, rjóður, yndislega góður,
þá bjó hún Magga á Borginni í bleikum kjól.
Svo kom Kaninn, þaninn, kommúnistabaninn,
þá kættist Magga ofsalega og hélt sín jól.
Svo færðist aldur yfir eins og galdur
og ávallt verra og verra var í karl að ná.
Nú er Magga stúrin því olíu á skúrinn
er erfitt nema fyrir fjandans aura að fá.

Ólína og ég

A Bm7
Mig langar til að spásséra með þér
E7 A
um garðinn allan daginn, viltu sýna mér
Cdim Hm7
endurnar og hreiðrin sem þær búa sér
C#7 F#m E
ég kem með brúsa af sénever og bland

A
ó ó ó ó ó ... Ólína
E A
ó ó ó ó píkan mín príuð
E A D#dim - Cdim - E
ó ó ó ó ó ... Ólína

Mig langar til að stíga við þig dans
og svipta þér um gólfdukkinn með elegans,
svo förum við í oldsmóbilnum ungverjans
og njótum dásemda Bjarmalands

í nótt – ó ó ó ó ó .. Ólína
- ó ó ó æ drífðu þig nú
- ó ó ó ó ó ... Ólína

ó - ó ó ó - ó ó - Ólína og ég
ó - ó ó ó - ó ó - Ólína og ég

Fjöllinn hafa vakað

Em C H7
Fjöllin hafa vakað í þúsund ár.
Em C H7
Ef þú rýnir inn í bergið sérðu glitra tár.
Em C H7
Orð þín kristaltær drógu mig nær og nær.
A7
Ég reyndi að kalla á ástina
 C ° D D# Em
sem úr dvalanum reis í gær.

Þú sagðir mér frá skrytnu landi fyrir okkur ein.
Þar yxu rósir á hvítum sandi og von um betri heim.
Ég hló, þú horfðir á; augu þín svört af þrá.
Ég teygði mig í himinninn,
í tunglið reyndi að ná.

Sá er talinn heimskur sem opnar sína sál,
ef hann kann ekki að ljúga, hvað verður um hann þá?
Undir hælinn verður troðinn, líkt og laufblöðin smá.
Við hræðumst hjarta hans
og augun blá.

Álfheiður Björk

D F#
Álfheiður Björk, ég elska þig,
G
hvað sem þú kannt
Em A
Að segja við því.
D
Ég veit annar sveinn
F#
ást þína fær.
G
Hvað get ég gert?
Em A
Hvað get ég sagt?

Álfheiður Björk, við erum eitt.
Ást okkar grandað, aldrei fær neitt.
Ég veit annar sveinn, hjarta þitt þráir.
Hvað get ég gert? Hvað get ég sagt?

D Bm Em
Þú mátt ekki láta þennan dóna.
A DA
Þennan fylliraft og róna, glepja þig.
D Bm Em
Þú mátt ekki falla í hans hendur,
A
oft hann völtum fótum stendur.
F# B
Ó, hlustaðu á mig
Em A D
því ég elska þig, Álfheiður Björk.

Álfheiður Björk, ég elska þig,
hvað sem þú kannt að segja við því.
Ég veit annar sveinn ást þína fær.
Hvað get ég gert? Hvað get ég sagt?

KVÖLDSIGLING

Cm Fm
Bátur líður út um eyjarsund
G7 Cm
enn er von um haf og land
A dim H dim
Syngur blærinn einn um aftanstund
F G sus, G ↓↓ (F G Cm)
aldan niðar blítt við sand

Ævintýrin eigum ég og þú
ólgar blóð og vaknar þrá
(Fuglar hátt á syllum byggja bú
Bjartar nætur vaka allir þá ↑↑

H dim F H dim
Hvað er betra en vera ungur og ör
E dim Gsus
eiga vonir og æskufjör.
G Cm Fm
Geta sungið lifað leikið sér
G7 Cm
létt i spori hvar sem er
A dim H dim
og við öldunið um aftanstund
F G7 Cm
eiga leyndarmál og ástarfund.;